

Þriðji fundur Deltadeildar starfsárið 2012-2013 haldinn þann 20. mars í Reykjavík

Reykjavíkurfundur starfsársins hófst í Héðinshúsinu við Seljaveg 2, þar sem Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri TrueNorth kvikmyndafyrirtækisins tók á móti félagskonum. Kynnti hún sögu fyrirtækisins og helstu verkefni þess, en undanfarin ár hefur TrueNorth fengið mörg kvikmynda-fyrirtæki til landsins og árið 2012 stóðu þau að tökum á fjórum stórmyndum hér á landi, sem samtals veltu um 5,2 milljörðum króna. Auk þess stendur fyrirtækið að auglýsingagerð og viðburðastjórnun. Á tíu árum hefur fyrirtækið vaxið úr þremur starfsmönnum upp í 15, en á síðasta ári lætur nærri að um 300 manns hafi verið í vinnu á vegum TrueNorth sem undirverktakar. Helga Margrét lagði áherslu á að lykill að því að erlendir aðilar eru reiðubúnir að koma til Íslands til myndatöku á stórmyndum lægi í ívilnun um endurgreiðslu kostnaðar og telur hún að ef að því verði hætt, muni sjálfhætt að fyrirtækin leggi í þá vinnu. Benti hún á hina óbeinu landkynningu sem myndatökan hefur í för með sér, bæði með kvikmyndunum sjálfum og með umtali kvikmyndagerðafólksins, sú landkynning verði seint metin til fjár.

Gestur fundarins Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landsambandsins lýsti yfir ánægju sinni með það að fá að sitja fund deildarinnar, afi hennar byggði Héðinshúsið á sínum tíma og í þeim salarkynnum sem TrueNorth hefur til umráða var brúðkaupsveisla hennar haldin, en eins og við vitum á hún sjálf farsælan feril að baki í fjölmiðlaheiminum.

Að lokinni heimsókn til TrueNorth lá leiðin í Hafnarstræti 2 í veitingastaðinn Uno, en félagskonur minnst líklega hússins helst vegna þess hve Hið íslenska Heimilisiðnaðarfélag var lengi þar til húsa og funduðum við uppi á lofti þar sem Gerður framkvæmdastjóri hafði skrifstofu sína.

Formaður kveikti á kertum, tók nafnakall og bar fundarkonum kveðjur fjarstaddra Deltasystra. Inga Stefánsdóttir flutti orð til umhugsunar og lagði út frá hugrekki til breytinga á margvíslegum tímamótum í lífinu.

Sigríður Ragna ávarpaði fundinn og kynnti sérstaklega væntanlegt landsambandsþing þann 4-5 maí n.k. og hvatti Deltakonur sérstaklega til að fjölmenna til fundarins. Einnig lagði hún áherslu á að við værum virkar í að nýta okkur heimasíðu samtakanna, bæði til að miðla eigin starfi og til að skoða viðfangsefni annarra deilda til þess að leita hugmynda.

Þórunn Reykdal kynnti bréf frá Helgu Guðmarsdóttur til Deltadeildar, þar sem hún sagði sig formlega úr Deltadeild með þökkum fyrir margra ára ánægjulegar samverusstundir. Fundarkonur þökkðu Helgu sömuleiðis fyrir áralangt og ánægjulegt samstarf og óskuðu henni velfarnaðar í framtíðinni.

Að endingu fór happadrættið fram og að þessu sinni var það Sigurveig Sigurðardóttir, sem hreppti vinninginn.

Fundargerð ritaði Þórunn Reykdal